Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda

1. gr.
Gildissvið.

Samkomulag þetta varðar ábyrgð á rekstri og kostnaði búsetu barna með fjölþættan vanda utan heimilis.

2. gr.
Skilgreining á þeim hópi barna sem samkomulag þetta tekur til.

Í gildandi lögum og reglum er ekki að finna skilgreiningu á þeim hópi barna sem samkomulag þetta tekur til. Almennt er viðurkennt að um er að ræða börn með mikla þjónustuþörf sem hafa flókna og samsetta röskun í tauga- og vitsmunaþroska og/eða tengslavanda, frá því snemma í bernsku, sem m.a. getur leitt til alvarlegra hegðunarvandkvæða og geðrænna einkenna, og í ákveðnum tilfellum vímuefnavanda. Einnig geta fallið undir skilgreininguna börn sem þurfa mikla og viðvarandi þriðja stigs þjónustu á vegum barnaverndarkerfisins vegna vanrækslu og/eða ofbeldis.

3. gr.
Ábyrgð á þjónustu.

Ríkið tekur að sér framkvæmd og ber ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem búsett eru utan heimils, og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi, eigi síðar en 1. janúar 2026.

Sveitarfélög munu áfram bera ábyrgð á lögbundinni þjónustu og tryggð séu úrræði á fyrsta og öðru stigi við börn með fjölþættan vanda og hefur samkomulag þetta ekki áhrif á lögbundna þjónustu þeirra.

Breytt ábyrgðarskipting felur ekki í sér breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga né framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga heldur er það liður í að skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og styrkja fjárhag sveitarfélaga. Skýrari verkaskipting felur í sér að útgjöld sveitarfélaga lækka um 3 ma.kr. á ári.

4. gr.
Fjármögnun þjónustu á árinu 2025.

Með samkomulagi þessu skuldbindur ríkið sig til þess að auka fjárframlög til sveitarfélaga á árinu 2025 vegna kostnaðar sem fellur til við veitingu þriðja stigs þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Viðbótarfjármunum verður útdeilt til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðuneyti að undangengnu mati sérfræðingateymis, sem starfrækt er á grundvelli 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Frá 1. júní 2025 mun ríkið því veita 1,7 ma. kr. aukalega til vistunar barna utan heimilis, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018, sem kemur til viðbótar því fjármagni sem þegar var búið að ráðstafa vegna barna með fjölþættan vanda í fjárlögum ársins 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026

5. gr.

Endurskoðun laga.

Unnið verður að því að ljúka heildarendurskoðun barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sem og endurskoðun á viðeigandi ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, í því skyni að tryggja að lagaumhverfið samræmist þeirri framtíðarskipan sem samkomulag þetta grundvallast á.

6. gr.

Eftirfylgni.

Mennta- og barnamálaráðherra skipar starfshóp eigi síðar en 30. mars 2025 með að lágmarki tveimur fulltrúum frá ríki og tveimur frá sveitarfélögum til að hafa umsjón með og fylgja eftir framkvæmd þeirra verkefna sem skilgreind eru í samkomulagi þessu.

7. gr.

Fyrirvari.

Samkomulagið er gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar sem og breytingar á fjárlögum.

Reykjavík, 19. mars 2025

Fyrir hönd ríkisins	Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga
Daði Már Kristófersson Fjármála- og efnahagsráðherra	Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
Ásthildur Lóa Þórsdóttir Mennta- og barnamálaráðherra	Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026